

Mál nr. 211/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V): (V1) og (V2).

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs og vinnuvélatrygging.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X): (X1) og (X2).

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11. júní 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V2, dags. 23. júní 2025.
3. Athugasemdir V1, dags. 9. júlí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína hjá X1 þann 21. desember 2023. Er tildrögum slyssins lýst svo að M sem hafi starfað við akstur vöru- og gámabíla hjá X1 hafi á slysdegi komið með krókgám að tilteknu fjölbýlishúsi í Reykjanesbæ, þar sem ætlunin var að losa í hann rusl úr djúpgámi sem stóð við sama hús. Þá er upplýst að algengast sé að djúpgámar séu tæmdir beint í sorphirðubifreiðar með sérstökum búnaði þeirra bifreiða. Þessi tiltekni djúpgámur hafi hins vegar verið sá eini á starfssvæði M sem hafi þurft að losa sérsaklega í stærri gám með því að nota kranabíl, en ekki sorphirðubíl með krana. Losun djúpgámsins hafi farið þannig fram að stjórnandi kranabílsins, sem var í eigu X2, hafi krækt krók hleðslukranans í tvo lyftikróa ofan á gámnum og híft hann síðan upp yfir opna gáminn. Lyftikrökarnir tengist síðan hvor um sig losunarlúgu neðan á gámnum. Í djúpgámnum hafi verið heimilissorp í pokum en algengt sé að ruslapokar festist í keðjunum sem tengdu lyftikróa og lúgurnar. Sú hafi orðið raunin á slysdegi og hafi M þá reynt að losa um ruslið sem hafi valdið stíflunni. Á þeim tímapunkti hafi hins vegar festing á krók hleðslukranans opnast og við það hafi annar lyftikrókur djúpgámsins hrokkið úr króknum. Við þetta hafi gámurinn fallið niður á við þannig að hendi M kramdist.

M byggir á því að X1 og X2 beri óskipta skaðabótaábyrgð á tjóni hans. Hvað ábyrgð X2 varðar þá er á því byggt að tjónið verði rakið til vanbúnaðar á hleðslukrananum, nokkuð sem brjóti í bága við 1. mgr. 10. gr. reglna nr. 609/1999 um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar. Þessu til viðbótar er vísað í tiltekin ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og í reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja. Byggir M á því að þó ekki liggi fyrir hvað nákvæmlega olli því að festing króksins opnaðist, hafi það ekki áhrif á saknæmismatið gagnvart X2, enda verði M ekki látinn bera halla af því að slysið hafi ekki verið rannsakað til hlítar. Er vísað í tiltekna dóma því til stuðnings. Þá hafnar M því að hann hafi hrist gáminn, hvað þá að hann hafi gengið svo harkalega fram að gámurinn hafi við það losnað úr króknum.

Hvað varðar meinta ábyrgð X1, þá er á því byggt í málskoti að slys M verði rakið til óforsvaranlegra vinnuáðstæðna og verklags við losun djúpgámsins, ófullnægjandi áhættumats og skorts á leiðbeiningum og verkstjórn. Allt séu þetta atriði sem X1 beri skaðabótaábyrgð á. Í málskoti er að finna ítarlega röksemdafærslu framangreindu til stuðnings. Er meðal annars á því byggt að X1 hafi ekki sett neinar verklagsreglur um losun djúpgáma við þær aðstæður sem uppi voru á slysdegi. Hafi M ekki verið leiðbeint um handbrögð við losun djúpgáma, hvernig bregðast skyldu við ef stífla myndaðist við losun, eða hvaða áhætta kynni að vera því samfara.

Í athugasemd V2, dags. 23. júní 2025, en X1 var með ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur hjá því félagi, er skaðabótakröfu M hafnað. Því til stuðnings bendir V2 á að í umrætt sinn hafi M átt að flytja opinn krókgám, á krókbíl að umræddu fjölbýlishúsi og síðan til baka að vinnslustöð X1. Hlutverk verktakans X2 hafi hins vegar verið að flytja kranabíl að fjölbýlishúsinu og hífa djúpgám og losa úr honum í krókgáminn. Tekur V2 fram að M hafi því hvorki þurft né átt að fara út úr krókbílnum þegar hann sinnti umræddu verki. Hafi M verið meðvitaður um þetta enda margoft áður sinnt sambærilegum verkefnum. Í umrætt sinn hafi M því farið út fyrir verksvið sitt þegar hann steig inn í krókgáminn til að losa fast rusl enda hafi það verið hlutverk kranabílstjórans að losa djúpgáminn, ekki M. Þá tekur V2 fram að umræddur kranabílstjóri hafi upplýst að hann hafi ítrekað bent M á að hann ætti ekki að vera að þvælast í kring á meðan hann væri að hífa djúpgáminn. Þá hafi kranabílstjórinn einnig margoft bent M á að hann ætti alls ekki að standa nálægt krókgámnum eða djúpgámnum, hvað þá undir djúpgámnum, á meðan híft var. M hafi virt þessar leiðbeiningar kranabílstjórans að vettugi með fyrrgreindum

afleiðingum. V2 hafnar því einnig að slys M verði rakið til ófullnægjandi áhættumats og skorts á leiðbeiningum og verkstjórn eða að vinnuáðstæður hafi verið óforsvaranlegar.

Í athugasemdum frá V1, dags. 9. júlí 2025, en X2 var með vinnuvélatryggingu hjá því félagi, er skaðabótakröfu M hafnað. Færir V1 ítarleg rök fyrir þeirri afstöðu. Meðal annars er á því byggt að slys M verði ekki rakið til notkunar vinnuvélarinnar (kranans), heldur sé eingöngu stórkostlegu gáleysi M sjálfs um að kenna þegar hann reyndi að losa ruslapokana. Í þessu sambandi bendir V1 á skýrslu Vinnueftirlitsins þar sem eftirfarandi komi m.a. fram: „Starfsmaður kremdist á loki á djúpgám þegar hann er að reyna að losa rusl frá keðjunni inni í gámnum sem hafði fests. Við það dettur gámurinn úr lykkjunni á kranabílnum og lokið lokaðist á höndina á starfsmanni.” Einnig bendir V1 á að í kröfubréfi M segi eftirfarandi: „Þegar tjónþoli tók eftir þessu reyndi hann að toga í föstu pokana til að losa stífluna. Í sömu mund opnaðist hins vegar festing á krók hleðslukranans og annar lyftikrökur djúpgámsins hrökk úr króknum.“ Telur V1 ljóst að slysið verði ekki rakið til skaðabótaskyldrar notkunar vinnuvélarinnar (kranans) enda hafi verið búið að hífa djúpgáminn og slysið hafi því einungis orðið vegna þess að M togaði í ruslapokanna. Telur V2 því að ekkert liggi fyrir í málinu sem bendi til þess að slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X2 beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort X1 og X2 beri skaðabótaábyrgð á slysi því sem M varð fyrir við vinnu sína 21. desember 2023. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Nefndin telur að þær sönnunarreglur gildi í þessu máli.

Í málinu liggur m.a. fyrir lögregluskýrsla og skýrsla frá vinnueftirlitinu. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að hvorki í þeim gögnum, né í gögnum málsins að öðru leyti, sé að finna upplýsingar sem gefi fullnægjandi ástæðu til að álykta sem svo að slys M verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis sem X1 eða X2 getu borið skaðabótaábyrgð á. Þvert á móti telur nefndin að eins og mál þetta liggur fyrir sé ástæða til að ætla að slysið verði fyrst og fremst rakið til gálausrar háttsemi M, nokkuð sem eðli málsins samkvæmt getur ekki leitt til skaðabótaábyrgðar X1 eða X2.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X1 hjá V2 né úr vinnuvélatryggingu X2 hjá V1 vegna afleiðinga vinnuslyssins 21. desember 2023.

Reykjavík, 4. nóvember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir